



Markaðsstofa Suðurlands

Framvinduskýrsla janúar – apríl 2015

Mannamót

Markaðsstofur landshlutanna stóðu fyrir Mannamótum 2015 fimmtudaginn 22. janúar sl. í flugskýli Flugfélagsins Ernis. Mannamótum er ætlað að mynda og efla tengsl á milli ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi og auka dreifingu ferðamanna um landið allt.

Um 180 ferðaþjónustuaðilar kynntu starfsemi sína fyrir gestum, þar af 55 frá Suðurlandi. Er það aukning í þáttöku frá því árinu áður þar sem alls um 140 fyrirtæki tóku þátt. Í ár var lagt upp með stærra svæði og því var mun rýmra um sýnendur og gesti. Almennt þótti viðburðurinn takast vel. Menn voru sammála um að slíkur viðburður væri mikilvægur vettvangur þar sem hann veitir sem flestum tækifæri á að kynna sitt fyrirtæki með litlum tilkostnaði. Þá heimsóttu milli 4-500 gestir Mannamót í ár.

Að loknum Mannamótum var þátttakendum boðið til móttöku á Icelandair Hótel Natura þar sem boðið var upp á drykk og sérstakur Mannamótsafsláttur í boði af matseðli.

Að Mannamótum loknum var send út könnun til sýnenda og gesta og munu niðurstöður nýtast við skipulagningu og framkvæmd Mannamóta á næsta ári. Dagsetning hefur verið ákveðin fyrir næsta MANNAMÓT 21. janúar 2016 og hefur vinna að endurbættu fyrirkomulagi, verkferlum og slíku þegar hafist.



Mid- Atlantic

Ferðakaupstefnan Mid-Atlantic var haldin í 23. skipti 5.-7. febrúar sl. Markaðsstofa Suðurlands tók þátt í sýningunni og ræddi þar við fjölda allan af ferðasölum og tengiliðum út um allan heim. Þá tók Markaðsstofan þátt í tveimur „post tour“ eftir sýninguna þar sem svæðið var kynnt fyrir gestum og heppnuðust þær báðar vel.

Í kjölfarið á sýningunni var unninn netfangalisti yfir þá sem áttu fundi með okkur á sýningunni sem og þá sem tóku þátt í „post tourunum“ fyrir aðildarfyrirtæki til eftirfylgni. Hvöttum við aðila til að nýta sér þessa lista og velja úr þá aðila sem henta þeirra markhópum og senda upplýsingar um sitt fyrirtæki.



Kynning á nýrri stefnu Markaðsstofunnar

Markaðsstofan hefur kynnt nýjar áherslur í starfseminni ásamt nýrri stefnu fyrir ýmsum aðilum á hinum ýmsa vettvangi á því tímabili sem skýrslan nær yfir. Þar ber helst að nefna eftirfarandi aðila.

Sveitarfélög á Suðurlandi

- Ölfus
- Árborg
- Hveragerði
- Hornafjörður
- Rangárþing eystra

Áður höfðu fengið kynningu:

- Skeiða – og Gnúpverjahreppur

Aðrir hagsmunaaðilar

Þá hefur fulltrúi Markaðsstofunnar haldið kynningu á nýrri stefnu og áherslum fyrir hinum ýmsu hagsmunaaðilum, innan svæðis sem utan. Þar má nefna:

- Fulltrúa Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja
- Fundagesti aðalfundar Frið og Frumkrafta á Kirkjubæjarklausti
- Starfshópur um Ferðabjónustu í Árborg
- Ferðabjónustuaðila í sveitarfélaginu Hornafirði – opinn fundur
- Fulltrúum stjórnar Ríkis Vatnajökuls
- Fulltrúum frá Ferðamálastofu
- S-hópi (sveitarstjóri Flóahrepps situr í þeim hópi)
- Ferðabjónusta Bænda

Fyrirhugaðir eru þessir fundir í maí:

- Stefnumót við ferðaþjónustuna í Rangárþingi eystra (með fulltrúa sveitarfélagsins og LAVA eldfjallamiðstöðvar) – 2 fundir á Hvolsvelli og að Heimalandi
- Fundir með Íslandsstofu

Þá hafa félagasamtök eins og Rotaryfélagið í Rangárvallasýslu haft samband og fengið kynningu á Markaðsstofunni fyrir sína félagsmenn.

Ný gjaldskrá Markaðsstofunnar

Meðal þess sem kom mikið fram í stefnumótunarvinnunni var að margir vildu sjá breytingar á árgjaldi Markaðsstofunnar með það að markmiði að gera sem flestum kleift að vera hluti af samstarfinu.

Niðurstaðan varð sú að ákveðið var aðveltutengja aðildargjöldin til að gæta betri sanngirnis og m.a. gera minni fyrirtækjum frekar mögulegt að vera með. Hefur ný gjaldskrá verið kynnt fyrir aðildarfyrirtækjum á heimasíðunni og í tölvupósti þar sem aðilum gefst kostur á að skrá sig í viðeigandi gjaldflokk á rafrænu formi í gegnum heimasíðuna. Hefur ný gjaldskrá fengið fínar undirtektir.

S-hópur – samstarfshópur í stoðþjónustu ferðamála á Suðurlandi

Markaðsstofan boðaði til fundar með fulltrúum sveitarfélaga og klasa á Suðurlandi sem hafa aðkomu að ferðamálum á svæðunum. Er það hluti af nýrri stefnumótun MSS að efla samstarf og samtal inná og milli svæða. Lagt var af stað á fundi á Hjarðarbóli í Ölfusi í febrúar þar sem hugmyndir af samstarfinu voru kynntar ásamt því að óska eftir og leggja drög að samstarfinu. Allir fundarmenn tóku vel í að formgera slíkt samstarf, sem hafði verið í óformlegum farvegi um tíma.

Annar fundur var haldinn í mars þar sem farið var yfir hlutverk og áherslur helstu hagsmunaaðila innan stoðkerfis ferðaþjónustunnar og hlutaðeigandi settu fram sína tillögu að því hvar áherslur og verkefni hættu best heima. Þá var farið yfir það helsta sem er í gangi og framundan á hverju svæði.

Ákveðið var að vinna áfram með þessa skiptingu og hittast aftur í ágúst til að móta samstarfið enn frekar. Hefur þessi vettvangur fengið vinnuheitið S-hópur eða Samstarfshópur.

Aðildarfyrirtæki og sveitarfélög

Nokkrir nýir aðilar hafa óskað eftir aðild að Markaðsstofunni, m.a. í kjölfar nýrrar heimasíðu sem og Mannamóta. Þá miðar ný gjaldskrá að því að auka möguleika á að sem flest ferðaþjónustufyrirtæki hafi tök á að taka þátt í samstarfinu. Fjögur fyrirtæki hafa haft samband eftir að breytt gjaldskrá var kynnt og óskað eftir að hætta samstarfi.

Endurnýjun samninga við Sveitarfélögin á Suðurlandi var lokið í janúar. Öll sveitarfélög á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum undanskildum, endurnýjuðu samningana við Markaðsstofuna. Flestir samningarnir eru til þriggja ára, nokkrir til eins árs.

Fjármál Markaðsstofunnar

Áfram hefur verið unnið markvisst í því að skera niður kostnað og finna leiðir til að auka tekjur Markaðsstofunnar. Nýjar útfærslur t.d. í útgáfu Landshlutakorts og Landshlutabæklings hafa verið til skoðunar til að lækka megi kostnað.

Fjölmiðlar

Nokkuð hefur verið leitað til Markaðsstofunnar vegna komu erlendra blaðamanna á tímabilinu og hefur gengið vel að koma til móts við óskir þeirra. Hafa nýjir verkferlar við svörun og utanumhald slíkra fyrirspurna verið í vinnslu og gefist vel. Mun sú vinna halda áfram í þróun.

Fréttabréf og FB fréttasíða

Fréttabréf MSS var unnið fyrir tímabilið þar sem upplýsingar fyrir aðildarfyrirtæki voru í fókus. Þá hefur verið í undirbúningi fréttabréf sem er betur miðað að sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum Markaðsstofunnar.

Þá hefur verið stofnuð Facebook síða fyrir Markaðsstofuna, <https://www.facebook.com/markadsstofasudurlands?fref=ts>.

Er hún hugsuð sem vettvangur fyrir hagsmunaaðila til upplýsingamiðlunar og er m.a. ætluð fyrir ferðapjónustuaðila á Suðurlandi til að koma á framfæri ýmiskonar efni er varða ferðamál. Þá er þessi síða kjörinn vettvangur fyrir Markaðsstofuna til að koma ýmsum upplýsingum á framfæri.

Sýningar og Workshop

Unnið hefur verið að skipulagningu post túra fyrir Vest Norden sem verður í september. Er það gert í samvinnu við Markaðsstofu Reykjaness og Höfuðborgarstofu. Þá eru, eins og fram hefur komið, markaðsstofur landshlutanna byrjaðar að vinna að undirbúningi Mannamóta 2016.

Fljótlega verður tekin afstaða til þátttöku MSS í VestNorden sem haldin verður í Færeyjum 22.-23. september nk. Gert er ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Samstarfsverkefni

Iceland Tourism

Í janúar fengum við niðurstöður úr þeirri vinnu sem við unnum með Gekon í Iceland Tourism klasanum. Munu þær nýtast sem grunnur að áframhaldandi vinnu við markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Suðurland. Þá hafa þessar niðurstöður verið notaðar við kynningu á þeim hugmyndum sem liggur til grundvallar nýrri stefnu MSS.

Námskeið um innleiðingu Vakans

Markaðsstofan kom aðeins að undirbúningi að því að fá námskeið fyrir ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu um innleiðingu fyrirtækja á Vakanum inní landshlutann. Framkvæmd er eingöngu á höndum Frælsunetsins, Símenntunar á Suðurlandi. Vegna vinnu við undirbúning nutu aðildarfyrirtæki Markaðsstofunnar sérstakra kjara á þáttökugjöldum.

Samstarf við Íslandsstofu

Mikið og gott samstarf hefur verið við Íslandsstofu um hin ýmsu verkefni á tímabilinu. Þar ber fyrst að nefna aðkomu Markaðsstofunnar í stefnumótunarfundi fyrir herferðina sem nú hefur litið dagsins ljós og nefnist „Ask Gudmundur“. Herferðin snýst um fyrstu mannlegu leitarvélina í heiminum þar sem áhugasömum gefst kostur á að spyrja Guðmund eða Guðmundu hvers landshluta spurninga sem hann/hún svo svarar.

MSS hefur þá tekið þátt í markaðsfundum varðandi herferðina, aðstoð við undirbúning við val á tókustöðum, áherslna, spurninga, sent inn umfjöllun um nýjung á svæðinu, undirbúið móttöku erlendra blaðamanna í tengslum við herferðina og munum við vera viðloðandi tókur þegar að Suðurlandi kemur.

Að auki við herferðina sjálfa eru fyrirhugaðir fundir í maí um „Áfangastaðinn Ísland – markaðssetningu, viðhorf og samstarf“ í samstarfi við Íslandsstofu þar sem MSS mun kynna sínar áherslur í markaðsmálum fyrir landshlutann.

Afleysing verkefnastjóra

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, sem gengt hefur starfi verkefnastjóra MSS, fór í fæðingarorlof 15. mars sl. Valgerður Pálsdóttir var ráðin inn í hennar stað í afleysingu í eitt ár, fyrst í 3 mánuði til reynslu. Hóf hún störf 1. mars sl.

Sjórnarfundir og aðalfundur Markaðsstofunnar

Mánaðarlegir stjórnarfundir voru haldnir á því tímabili sem skýrslan tekur til ásamt nokkrum auka fundum þar sem teknar voru fyrir breytingar á samþykktum stofnunarinnar.

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Höfn í Hornarfirði miðvikudaginn 29. apríl. Frekar dræm fundarsókn var eða um 18 manns. Fundurinn var haldinn á Hótel Höfn. Fundarstjóri var Fanney Björg Sveinsdóttir og Valgerður Pálsdóttir ritaði fundinn.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Þórður Freyr Sigurðsson kynnti ársreikning Markaðsstofunnar fyrir fundarmönnum, framkvæmdastjóri fór yfir starfssemi Markaðsstofu Suðurlands starfsárið 2014 ásamt því að kynna nýja stefnu sem og verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Ný stjórn Markaðsstofunnar skipuð

Tvær núverandi stjórnarkonur létu af störfum: Sigrún Kapitola Guðrúnardóttir og Elfa Dögg Þórðardóttir.

Nýir í stjórn eru:

Magnús Bragason - Ferðamálasamtök Suðurlands

Sigurlaug Gissurardóttir - Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Áfram í stjórn:

Ása Valdís Árnadóttir - Visit South Iceland ehf

Gunnar Þorgeirsson - SASS

Þórður Freyr Sigurðsson – SASS

Margrét Runólfsdóttir - Ferðamálasamtök Suðurlands

Varastjórn:

Eyrún Jónasdóttir – Visit South Iceland ehf

Bjarni Guðmundsson - SASS

Sigurdís Guðjónsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Sigrún Kapitola Guðrúnardóttir –

Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Stefnumótun í íslenskri ferðapjónustu

Að aðalfundi loknum hélt fulltrúi verkefnahóps á vegum ráðuneytisins, erindi og vinnustofu um stefnumótun í íslenskri ferðapjónustu. Þar gafst fundargestum kostur á að glöggva sig á helstu upplýsingum um verkefnið og að erindi loknu var fundargestum skipt upp í hópa þar sem hver og einn gat komið á framfæri sínum hugmyndum um aðaláherslur og nauðsynlegar úrbætur í stefnumótun í íslenskri ferðapjónustu.



Þessi fundarröð var liður í verkefnavinnu ráðgjafahóps, sem hefur ferðast um landið að undanfögnu í samvinnu við Markaðstofur landshlutanna og fundað, m.a á Selfossi þann 21. apríl sl. Almenn ánægja var meðal fundargesta bæði á Höfn og á Selfossi og voru fundargestir sammála um að nauðsynlegt væri að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Hægt er að fá samantekt fundanna senda í tölvupósti, sé þess óskað.

Að loknum fundarhöldum var farin örfærð um Höfn, þar sem staðarhaldarar sýndu og kynntu fundargestum fyrir núverandi starfsemi sem og hugmyndum að nýrri starfsemi innan þorpsins.



Önnur verkefni / fundir

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa unnið að öðrum verkefnum sem og sótt ýmsa fundi og ráðstefnur á tímabilinu.

Meðal annars má nefna:

- Frágangur fjárhagsáætlunar 2015
- Fundir vegna nýs fyrirkomulags við samninga við Ferðamálastofu
- Stöðug vinna vinna við að uppfæra vefinn www.south.is
- Efnisvinnsla og uppfærsla samfélagsmiðla
- Trello – þar sem upplýsingar eru markvisst skráðar inn
- Fundir um náttúrupassa
- Fundir Markaðsstofa landshlutanna
- Málþing/fundir sem tengjast ferðamálum í landshlutanum
- Fundir varðandi bættar samgöngur inní landshlutann, s.s. flugrútu

Framundan

Mikið er framundan hjá Markaðsstofunni, sem endranær. Þar má helst nefna:

- **Útgáfa Landshlutakorts** í nýju broti – hugmynd um að gefa út kort sem nýtist fyrir ferðamanninn þegar hann heimsækir landshlutann, á sýningum og sem einskonar ímyndarbæklingur. Sala auglýsinga í tengslum við útgáfuna.
- **Útgáfa Landhlutabæklingisins** (eitt af stærstu verkefnum ársins) – kominn í endurskoðun til að lækka kostnað. Nokkrir möguleikar uppi á borðinu.
- **Kynningarferðir – fyrir starfsfólk ferðaskrifstofa, upplýsingamiðstöðva og bókunarmiðstöðva.** Áætlað er að fara í þrjár ferðir í lok maí og/eða byrjun júní.
- **Samstarfsverkefni** með Uniqe Iceland/Icelandair og tímaritinu Atlantica/Iceland Review um kynningu á Suðurlandi (videó og sérblað)

- **Innheimta** aðildargjalda skv. nýrri gjaldskrá – júní og ágúst
- **Uppfærsla heimasíðu** – ásamt áframhaldandi vinnu við að betrumbæta uppsetninguna og framsetningu efnis
- **Fjölmíðlaferðir** – m.a. með Íslandsstofu í tengslum við Inspired by Iceland herferðina.
- **#AskGudmundur** herferðin með Íslandsstofu – ýmis verkefni sem tengjast herferðinni s.s. blaðamannaferðir og upptökur á Suðurlandi í maí.
- **Fundir með verkefnahóp ráðuneytisins um** mótun stefnu og framtíðarsýnar í íslenskri ferðaþjónustu.
- **MANNAMÓT 2016** – áframhaldandi undirbúningur

DHJ 15.05. 2015